



Refur

Ljósmynd: Daniel Bergmann

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur



Eldvörp Reykjanesi

Ljósmynd: Ellert Grétarsson

Sýning Landverndar og Ólafs Sveinssonar í Norræna húsinu



Kirkjufoss í Jökulsá í Fljótsdal

Ljósmynd: Christopher Lund

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ er samsýning Landverndar og Ólafs Sveinssonar í samstarfi við Norræna húsið og Framtíðarlandið sem að opnar þann 27. september í tilefni af 50 ára afmæli Landverndar og frumsýningu á heimildamynd Ólafs Sveinsson „Veröld sem var“ um Kárahnjúkavirkjun og hálendið kringum Snæfell. Ísland er einstakt með sinni stórbrötnu og lítt snortnu náttúru með samspili jarðhita og jökla, gljúfra og gilja, stórra fjalla og fjölmargra vatnsfalla, víðáttumikilla auðna og viðkvæms gróðurs í óbyggðum víðernum sem eiga engan sinn líka. Það eru verðmæti sem ekki verða mæld í krónum og aurum, en verða þó sífellt meiri eftir því sem þau eru látin ósnortin lengur. Þrátt fyrir að 80% af raforkuframleiðslu landsmanna sé seld til stóriðju og gefi sáralítið í aðra hönd, en fjölmörgum náttúruundrum eins og áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar hafi verið fórnað í þágu rafmagnsframleiðslunnar, helst ásælni orkufyrirtækja í að byggja virkjanir á stöðum sem státa af einstakri náttúru óbreytt, samanber Hvalárvirkjun á Ströndum.

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ er stór og fjölbreytt margmiðlunarsýning sem minnir annarsvegar á þau svæði sem þegar hafa glatast, með sérstakri áherslu á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og vekur hinsvegar athygli á náttúruperlum sem að eru ýmist í nýtingar- eða biðflokki Rammaáætlunar og eru í sigti Landsvirkjunar, HS Orku, Suðurorku, Vesturorku og annara orkufyrirtækja sem mögulegir virkjanakostir. Hjarta sýningarinnar slær í salnum á jarðhæð Norræna hússins sem er allt í senn tónleika-, kvikmynda- og ráðstefnusalur. Á stóru tjaldi verða sýnd þrjú myndbandsverk / kvikmyndir um öræfin kringum Snæfell, áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar norðaustan Vatnajökuls og eyðileggingu þess sem að Ólafur Sveinsson hefur gert sérstaklega fyrir sýninguna. Kárahnjúkavirkjun var allt í senn, stærsta, dýrasta og umdeildasta framkvæmd Íslandssögunnar. Virkjanasvæði hennar átti engan sinn líka á Íslandi, frekar en Þingvellir, Mývatn, Jökulsárgljúfur, Askja, Skaftafell og Torfajökulssvæðið svo nokkur af helstu náttúru-



Hálslón Kárahnjúkavirkjunar

Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson



Rjúkandi í ánni Rjúkanda

Ljósmynd: Tómas Guðbjartsson

perlum landsins, sem sjálfsagt þykir að vernda, séu taldar upp. Áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar var þó mun stærra og fjölbreyttara en öll þessi svæði og sameinaði á einstakan hátt stórbrotið landslag, gróskukmikinn gróður og fjölbreytt dýralíf eins og sjá má í myndbandsverkunum og ljósmyndum sem eru hátt í tveggja metra breiðar sem hengdar



Sogn Trölladyngja, Reykjanesi

Ljósmynd: Ellert Grétarsson

hengdar verða upp í salnum. Auk þess verður fimm mínútna löng myndi um hina umdeildu Hvalárvirkjun sem Vesturverk hyggst reisa í Ófeigsfirði á Ströndum. Dagskráin er tæplega 50 mínútna löng.

Á sýningarvæði í anddyri Norræna hússins verða 20 stórar og áhrifamiklar ljósmyndir af stöðum sem eru í bið- og nýtingarflokkum Rammaáætlunar og verða hugsanlega eyðilagðir til þess að hægt sé að framleiða ódýrt rafmagn fyrir erlenda stóriðju. Er næsta víst að margir sýningargestir munu eiga erfitt með að trúa eigin augum, þegar þeir sjá myndirnar og eru upplýstir um að staðirnir séu hluti af svæðum sem á mögulega að fórna, þegar haft er í huga að ódýrt rafmagnið hefur hingað til umfram allt tryggt erlendum eigendum stóriðjufyrirtækjanna gríðarlegan hagnað, meðan það er allsendis óvíst hvaða arð Íslendingar, sem eiga þó auðlindina, hafa af henni. Að auki verður stór snertiskjár í anddyrinu með Náttúrukorti Framtíðarlandsins sem veitir yfirsýn yfir þau svæði á Íslandi sem fyrirhugað er að nýta til orkuframleiðslu eða nýta á annan hátt. Það hefur verið endurnýjað sérstaklega fyrir sýninguna og hefur ekki aðeins mikið af nýjum og áhugaverðum upplýsingum, heldur einnig fjölmargar nýjar ljósmyndir eftir suma af færustu náttúrljósmyndurum landsins. Sýningargestir geta hvort heldur leitað frekari upplýsinga um einstök svæði eða fengið gott yfirlit yfir virkjanaáform með fulltingi Náttúrukortsins á snertiskjánum á sýningunni eða á netinu þegar heim er komið.

Í kjallara Norræna hússins, sem einkum er ætlaður börnum, verður stór ljósmyndasýning af villtum dýrum sem að lifa á Íslandi og í uppsetningu hennar er allt gert til að magna upplifun þeirra. Þannig blasa við þjár risastórar myndir af ref, erni sem flýgur inn með rauðmaga fyrir ungana og fjölmörgum lundum þegar gengið er niður tröppurnar í



Haförn

Ljósmynd: **Sindri Skúlason**



Lundar

Ljósmynd: **Friðþjófur Helgason**



Hreindýratarfar og hreindýraskálfur

Ljósmyndir: Skarphéðinn G. Þórisson

kjallarann. Fuglar eru lang algengustu villtu dýrin á Íslandi og því verða flestar myndirnar af þeim. En þar verða einnig myndir spendýrum eins og ref, hreindýrum og sel auk ýmissa skordýra. Þetta er fjölskyldusýning sem höfðar ekkert síður til fullorðinna en barna, þó uppsetningin taki mið af þörfum þeirra.

Sýningin „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ er styrkt af Umhverfissráðuneytinu, Ferðafélagi Íslands, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, Skjámynd og Útivist. Sýningarstjóri er Ólafur Sveinsson.